

LÖGGARÐUR EHF.

Stofnað 1985

Guðni Á. Haraldsson hrl., Davíð Guðnason lögmaður



Garðabær
Bæjarstjórn
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík, 4. desember 2019.

Varðar losun jarðefna o.fl. á land jarðarinnar Dysjar í Garðabæ, lnr. 117886.

Til mín hafa leitað þinglesnir eigendur og umráðendur jarðarinnar þau Sigurjón Már Guðmannsson, Magnús Rafn Guðmannsson, Gunnar Magnús Guðmannsson, Jón Þórarinn Jónsson, Guðrún Dóra Guðmannsdóttir og Inga Guðríður Guðmannsdóttir.

I.

Þann 18. febrúar 2014 áttu þau Magnús Rafn og Guðrún Dóra fund með Gunnari Einarssyni, bæjarstjóra. Á þeim fundi gerðu þau athugasemdir við það að farið var að flytja jarðefni inn á norðurhluta landsins, sunnan við gamla Álftanesveginn, en um væri að ræða geysilega uppsöfnun á jarðvegi og mól. Þau lýstu yfir óánægju með þetta og bentu á að ræktað land úr jörðinni hafi farið undir, auk þess sem jarðefni væru losuð mjög nálægt hinum fagra hraunjaðri sunnan við losunarsvæðið.

Þau bentu á að ekki var óskað eftir leyfi þeirra fyrir losun jarðefna á land Dysja, öndvert við það þegar garðyrkjustjóri Garðabærs óskaði eftir tímabundnu leyfi til að hafa garðlönd fyrir bæjarbúa á nálægum slóðum (með bréfi dags. 3. febrúar 1997).

Bæjarstjórinn lýsti yfir undrun sinni á því að ekki hefði verið haft samband við þau, en hann sagði jafnframt að sennilega hefðu menn talið sig vera í rétti. Bæjarstjórinn ætlaði að kanna þetta mál í bæjarkerfinu og hafði á orði að vissulega væri vilji til að láta mál vera í réttum farvegi.

Þann 7. mars 2015 sendi Guðrún Dóra tölvupóst til bæjarstjóra og lýsti undrun sinni yfir því að engin svör hefðu borist eftir fund þeirra, en efnisflutingur inn á landið væri enn meiri en áður. Með tölvupóstbréfi hennar fylgdi fundargerð/samantekt vegna fundarins þann 18. febrúar 2014.

Bæjaryfirvöld í Garðabæ hafa enn ekki sýnt umbjóðendum mínum þann sóma að svara erindi þeirra og enn standa yfir efnisflutningar inn á land Dysja.

II.

Þann 21. nóvember sl. fór undirritaður á vettvang með Magnúsi Rafni. Ljóst er að þarna er um meiriháttar breytingar á landinu að ræða, auk þess sem fyllt hefur verið yfir ræktað land og mjög nærri jaðri eldhrauns sunnan við losunarvæðið.

Á skikanum er sjáanlega búið að sturta niður jarðefnum/jarðvegi, með mismunandi samsetningu og efniseiginleika, og ennfremur steypubrotum með steypustyrktarjárnnum. Á hluta svæðisins, sem er einnig innan landamerkja Dysja, hefur einnig verið gert svæði fyrir garðaúrgang. Á vegslóða að þessum losunarsvæðum hefur verið sett upp hlið sem er hægt að læsa. Garðabær hefur ekki óskað eftir leyfi umbjóðenda minna fyrir neinu af þessu.

Búið er að þekja landsvæði sem er u.þ.b. 4 hektarar að flatarmáli. Ef meðalþykkt landfyllingarinnar er um 3-4 metrar, þá er nú gróflega áætlað búið að flytja um 120.000-160.000 rúmmetra af jarðefnum inn á land Dysja, og engin merki eru um að þessu sé lokið. Erfitt er að áætla magnið og það kann því að vera meira en að framan greinir og áætlað flatarmál svæðisins, 4 hektarar, er ekki heldur byggt á nákvæmri mælingu.

Ekki er til staðar deiliskipulag fyrir það svæði sem um ræðir, en samkvæmt gildandi aðalskipulagi er þar gert ráð fyrir íbúðabygging. Losun jarðvegs á landið er ekki byggð á heimild í samþykktu skipulagi, en aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breytir ásýnd þess skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir, sbr. 1. mgr. 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar þarf að liggja fyrir vegna meiri háttar framkvæmda, sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess skv. 1.mgr. 13. gr. sömu laga. Þar eru í dæmaskyni tilteknar breytingar lands með jarðvegi og efnistöku, og vegna annarra framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum (nr. 106/2000). Þessi framkvæmd fellur að öllum líkindum einnig undir lög um mat á umhverfisáhrifum, sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 106/2000. Umbjóðendum mínum er ekki kunnugt um að rannsókn hafi verið gerð á svæðinu, s.s. vegna hugsanlegra fornminja og m.t.t. til náttúruvænna. Eldhraun njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Umbjóðendur mínir hafa reynt að finna upplýsingar á heimasíðu Garðabæjar, með leit í fundargerðum, hvenær þessi framkvæmd, þ.e. um losun jarðefna á spildu þá sem tilheyrir Dysjum, var samþykkt af byggingaryfirvöldum. Sú leit skilaði engum árangri.

III.


Með vísan til framangreinds er óskað eftir svari við því hvort þessi framkvæmd um losun jarðefna og gróðurúrgangs á spildu í landi Dysja byggji á framkvæmdaleyfi útgefnu af Garðabæ? Ef svo er þá er óskað eftir afriti af því framkvæmdaleyfi og gögnum er varða útgáfu þess, og varða lögmæti þess með tilliti til skipulagslaga, laga um umhverfismat, náttúruvernd og minjavernd.

Ef framkvæmdaleyfi liggur ekki fyrir er óskað eftir rökstuðningi fyrir því hvers vegna framkvæmdin er talin lögmæt og heimil, það er að segja ef það er afstaða Garðabæjar að þessar framkvæmdir séu lögmætar og heimilar.

Svar óskast fyrir 31. desember n.k., en ella verður málið borið undir Skipulagsstofnun, án frekari fyrirvara.

Að lokum er þess krafist að öll frekari losun á þetta landsvæði, sem er allt innan landamerkjja Dysja, verði stöðvuð þegar í stað. Óskast upplýst þegar í stað hvort Garðabær verður við þeirri kröfu.

Virðingarfyllst,



Ásgeir Jónsson, hæstaréttarlögmaður
asgeir@loggardur.is
Sími: 669 7907

Boðsent